# Fundargerð – 525. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 4. maíl 2021, kl. 17:00.
Fundurinn var haldinn á Courtyard Marriott í Reykjanesbæ.
Mættir: Önundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlöðversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Val löggilts endurskoðanda.
3. Samþykkt ársreiknings og undirritun skýrslu stjórnar.
4. Önnur mál.

1. **Skýrsla framkvæmdastjóra:**
   1. Öryggismál:
      a. Starfsmannafundur með öryggisbrýningum var haldinn föstudaginn 30. apríl.
      b. Öryggisatvik eru enn of tíð og undanfarið hafa verið skráð nokkur vinnuvélaatvik þar sem eignatjón hefur orðið.
   2. Nýr starfsmaður hóf störf nú í byrjun maí og starfar til 6 mánaða undir formerkjum verkefnis Vinnumálastofnunar, "hefjum störf".
   3. Fjórar hleðslustöðvar hafa verið settar upp við bílastæði starfsmanna í Helguvík.
   4. Meðalafköst í brennslu í aprílmánuði voru 1510 kg. á klukkustund. Er það nokkru betra en í sama mánuði í fyrra en lakara en undanfarna mánuði. Helstu skýringar eru stíflur í röri og óheppilegt efni
2. **Val löggilts endurskoðanda.**
   Stjórn samþykkti einróma að velja Deloitte sem löggiltan endurskoðanda Kölku fyrir næsta ár.

3. **Samþykkt ársreiknings 2020 og undirritun skýrslu stjórnar:**
   Stjórn samþykkti einróma ársreikning fyrir árið 2020 og ritaði undir skýrslu stjórnar.

4. **Önnur mál:** Engin önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:00.
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 8. júní 2021.

Fundargerð samþykkt með undirskriftum.

______________________________
Önundur Jónasson

______________________________
Ásrún Kristinsdóttir

______________________________
Laufey Erlendsdóttir

______________________________
Páll Orri Pálsson

______________________________
Inga Rut Hlöðversdóttir

______________________________
Steinþór Þórðarson